

# Hugleiðing.

16. nóv. '16.

Langlíklegast þykir mér, að morðið á forsætisráðherranum austurríkiska hafi ekki verið framið í vitfyringu. Adler ritstjóri, sá sem verkið vann, er auðsjáanlega ákafamaður mikill í skapi, umbótamaður og hefir fundist, eins og mörgum víðsvegar í Evrópu, að stefnan sé til helvætis, eins og kveðið er að orði á ýmsum útlendum málum. Hefir Adler þótt sem hér mundi stórra aðgerða við þurfa, og ekki þótt annað líklegra til að svara óþolinmæðinni, en ódæði þetta. Hefir hann skort vit eða stillingu, eða hvortveggja, til þess að sjá að með slíkum tiltækjum gera menn ilt verra. Eina ráðið sem til fulls mun duga til þess að koma mönnum á rétta leið, er að fá þá til þess að sjá, að þeir eru að villast og að þeim muni betur vegna, ef þeir taka aðra leið.

Aðferð Adlers minnir dálítið á aðferð þá sem margir Englendingar vilja beita til þess að eyðileggja »militarismann« þýzka, hernaðarstefnuna. Englendingar hyggjast munu gera þetta með því að koma á hjá sér samskonar þrælkun þeirri, sem er aðal gallinn á þýzkri menning, sem er annars að ýmsu leyti hin fremsta í Evrópu.

En vísindamönnum hyggja ekki muni virðast svo, sem betri skilningur á sögu og tilgangi lífsins, og betri kensla í mannkynssögu, mundi vissasta ráðið til þess að koma á veg fyrir, að hernaðarstefnan sligi menninguna.

Meðan engir menn eru eins frægir og voldugir eins og hershöfðingi; meðan sumir menn auðgast á engu eins og styrjöldum; meðan drotunargirnir, framagirnir og fjáráagirnd eru meðal sterkustu fýsna mannanna; meðan menn vita ekki mun betur en nú, að hversu ranglátlega sem veltur á hinum ófullkomnari stöðum (slíkum sem jörð vor er), þá er stefnt til fullkomins réttlætis, með þeim hætti, sem hrinding og endurhrinding standast á, svo að það má gera ráð fyrir, til a. m. að þeir, sem nú senda aðra fram til slátrunar í skotgröfum, muni einhvern tíma sjálfir verða sendir í skotgrafir til slátrunar; — á meðan verður hernaðarstefnan ráðandi og friðarlífmabilin verða, eins og hingað til hefir verið, að eins tíminn sem þarf til að safna kröftum til nýrra styrjala.

*Helgi Pjeturss.*